



# SKÓLANEFND HRUNAMANNAHREPPS

17. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn þriðjudaginn 27. maí 2025, kl. 15:30 í Flúðaskóla.

Mættir eru: Katrín Þorvaldsdóttir formaður, Elvar Harðarson en Alexandra Rós Jóhannesdóttir boðaði forföll. Auk þeirra sat fundinn fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Vilborg Ástráðsdóttir en Sigríður Björk Gylfadóttir boðaði forföll.

Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnarsdóttir skólastjóri Flúðaskóla, Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri Leikskólans Undralands, Halla Gunnarsdóttir, fulltrúi starfsfólks Flúðaskóla, Valný Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans Undralands og Margrét Sævarsdóttir, fulltrúi foreldra Flúðaskóla. Einnig sat fundinn Hjalti Sigurðsson, fulltrúi foreldra Leikskólans Undralands. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri. Í upphafi fundar bar formaður upp tillögu um að Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, myndi rita fundargerð. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár:

## Málefni Flúðaskóla

### 1. Skýrsla skólastjóra Flúðaskóla

Skólastjóri lagði fram skýrslu skólastjóra vegna skólastarfs undanfarandi vikna og vegna upphafs skólastarfs næsta haust.

Nemendur í 8. – 10. bekk fóru á Skólahreysti þann 6. maí en lið frá Flúðaskóla tók þátt þann sama dag. Peir stóðu sig mjög vel og lento í 4. – 5. sæti.

Elsti árgangur leikskólans var hér í vorskóla dagana 8. og 9. maí.

Síðustu smiðjur ársins voru haldnar dagana 8. og 9. maí. Að þessu sinni fóru 8. – 10. bekkur í Flóaskóla en 5. – 7. bekkur í Þjórsáskóla.

Lokahátið Stóru upplestarkeppninnar var haldin í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum miðvikudaginn 14. maí. Pátttakendur voru nemendur í 7. bekk, úr Uppsveitum og Flóa, tveir nemendur úr hverjum skóla. Stígur Ævarsson úr Flúðaskóla hlaut 3. sætið.

Nemendur 10. bekkjar fóru í starfskynningar dagana 28. – 29. apríl. Peir fengu að velja sér vinnustaði sjálfir og voru almennt ánægðir með sitt val. Í síðustu viku fluttu þeir svo kynningu, fyrir bæði 9. og 10. bekk, um sínar heimsóknir.

Hinn árlegi umhverfisdagur var haldinn í miklu blíðskaparveðri föstudaginn 16. maí.

Fimmtudaginn 22. maí var haldinn íþróttadagur og sundmót.

Í þessari viku fara allir bekkir í sínar árlegu vorferðir og föstudaginn 30. maí verður svo síðasti skóladagurinn hjá okkur. Þann dag höldum við vorhátið, sem einkennist af því að öllum árgögum er blandað saman í hina ýmsu leiki og þrautir. Dagurinn endar svo á hamborgaraveisu. Skólaslit verða mánudaginn 2. júní.

JH A BPD KP JL JES HGS

Eins og fyrri skýrslur sýna er mikið líf og fjör hér í skólanum hjá okkur. Á heildina litið hefur skólastarfið gengið mjög vel og ánægjulega. Við erum afar stolt af skólanum okkar og samféluginu sem við búum í. Sveitarfélagið fær líka hrós frá okkur því við finnum ávallt fyrir miklum velvilja og trausti í okkar garð.

### **Skólastarf næsta vetrar:**

Einhver fækken verður í nemandahópnum næsta vetur og er aðalástæðan sú að Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur hætt samstarfi við Hrunamannahrepp um skólagöngu elsta stigs. Þó munu verða hér 8. nemendur frá þeim í 10. bekk. Þegar þetta er ritað er vitað til að hingað koma þrír nýir nemendur, einn í 6. bekk, annar í 8. bekk og einn í 10. bekk. Svo er vitað um 15 nemendur sem koma hingað í 1. bekk. Við gerum því ráð fyrir að hér verði 86 nemendur næsta skólaár. Í dag eru 91 nemandi skráðir í skólann.

Einn kennari hefur ákveðið að hætta störfum og þurfum við að ráða í hans stað.

Næsta vetur munum við svo hefja af fullum krafti innleiðinguna á Jákvæðum aga. Einnig mun fara heilmikil vinna í innleiðingu á nýrri Aðalnámskrá grunnskóla.

*Skólanefnd þakkar greinargóða skýrslu um öflugt starf Flúðaskóla.*

### **2. Niðurstöður Skólapúlsins í Flúðaskóla.**

Niðurstöður Skólapúls(nemendur) kynntar. Ánægjulegt er að sjá jákvæðar niðurstöður og bætingar í ýmsum þáttum er lúta til dæmis að sjálfsáliti og vellíðan svo eitthvað sé nefnt. Ánægja af lestri, trú á eigin getu í námi og almenn seigla mætti vera betri. Ánægjulegt er að sjá að nemendur eru almennt mjög ánægðir með matinn í skólamötuneytinu og er sú ánægja áberandi meiri í Flúðaskóla en að meðaltali annars staðar á landinu.

*Skólanefnd telur niðurstöðu Skólapúls gefa glögga mynd af þeim þáttum sem mældir voru og hvetur skólastjórendur til að vinna að þeim þáttum sem þarfast bætingar.*

### **3. Niðurstöður könnunar um mögulega frístund á föstudögum**

Borist hafa óskir frá forráðamönnum nemenda um það hvort mögulegt sé að hafa frístund opna á föstudögum. Á síðasta fundi nefndarinnar fól skólanefnd skólastjóra að gera könnun meðal foreldra barna sem fædd eru árin 2016-2019 hvort þörf sé á opnun frístundar á föstudögum. Niðurstaða könnunarinnar var sú að 22 heimili af 35 svöruðu. 72,7% töldu að þau myndu nýta frístund á föstudögum.

*Skólanefnd telur að þessi niðurstaða gefi góða mynd af því að þörf sé á frístund á föstudögum. Skólanefnd vill mælast til þess við sveitarstjórn að komið verði til móts við þessar óskir foreldra og að jafnframt verði skoðað með frístundaúrræði fyrir yngstu nemendur grunnskólans fyrir skólabyrjun í ágúst.*

Vilborg vék af fundi

## **Málefni Leikskólans Undralands**

### **4. Skýrsla leikskólastjóra Undralands**

Skólaárið byrjaði á að okkur vantaði fólk til að fullmanna leikskólann og þá helst deildarstjóra/leikskólakennara. Ekki fékkst fagfólk en það fólk sem er er öflugt og vinnur sín störf vel og tekur leiðbeiningum vel og því hefur skólastarfið gengið eins vel og raun ber vitni. Á þessu ári var mikil og góð samvinna milli deildarstjóra Völuhóls og kennara 1. bekkjar í Flúðaskóla. Reiknað er með að sú samvinna haldi áfram.

JLA EBB KP JLG JB  
JS

Við vorum í þróunarstarfi á „Snemmtækri íhlutun“ skólaárið 2024-25 þar sem áherslan er á mál og læsi. Þeirri innleiðingu á að ljúka í nóvember 2025 og verður þá orðin til handbók um snemmtæka íhlutun þar sem við í Undralandi setjum niður hvernig við ætlum að vinna með það áfram og tengja við Aðalnámskrá leikskóla.

Skólaárið 2025-2026 er ætlunin að fara í annað þróunarverkefni sem er innleiðing á „Jákvæðum aga“ en það er verkefni sem Flúðaskóli er einnig að fara í ásamt grunn- og leikskólanum í Reykholti.

Áfram verður aðal áhersla Undralands umhyggju fyrir börnunum og útinámið mun áfram skipa stóran sess í öllu starfi. Áætlað er að fara til Finnlands, Helsinki í apríl 2026 í námsferð þar sem við munum kynnast margskonar þemu í útinámi í Finnlandi (eins og það er kynnt fyrir okkur). Við erum að nafninu til heilsueflandi leikskóli en höfum ekki sinnt því að neinu ráði en vonir standa til þess að við getum lagt meiri áherslu á það á næsta skólaári.

Þar sem við viljum að allir vinni í takt fer megin tími starfsdaga og funda um starfið að vinna þessi verkefni ásamt því sem að sjálfsögðu skiptir mestu máli en það er velferð barnanna og hvernig við getum sem best komið til móts við þarfir hvers og eins. Það má leiða að því líkum að til að ná árangri í starfinu með börnunum er vænlegast að hafa sem flesta með í ráðum þ.e. að leita eftir skoðunum og áhuga hvers starfsmanns og ekki síst barnanna þegar það á við. Tími til samstarfs er þó af skornum skammti innan leikskólans en með sterkari starfsmannahópi og aukinni reynslu aukast tækifærin til þess, Starfsdagar eru nýttir til hins ítrasta í þessa vinnu.

Leikskólastjóri horfir björtum augum til komandi vetrar með þeim verkefnum og áskorunum sem alltaf fylgja skólastarfi.

*Skólanefnd pakkar greinargóða skýrslu og fagnar metnaðarfullu starfi leikskólans.*

##### **5. Niðurstöður Skólapúlsins í Leikskólanum Undralandi (starfsmenn)**

Lagðar fram niðurstöður Skólapúlsins í Leikskólanum Undralandi (starfsmenn) sem teknar voru úr innramatsskýrslu fyrir skólaárið 2024-2025. Einnig lögð fram umbótaáætlun leikskólastjóra sem byggir á niðurstöðunum.

*Lagt fram til kynningar.*

Aldís vék af fundi og Katrín tók við ritun fundargerðar.

##### **6. Næsti fundur skólanefndar**

Formaður leggur til að haldinn vinnufundur um aðgerðaráætlun skólastefnunnar. Skólanefnd samþykkir fyrirkomulagið og mun formaður boða til fundanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:33

*Jón Björn Jónasson  
Hjalli Sigurðsson*

*Katrín Þorvaldsdóttir  
Elinur Þadarsdóttir  
Johanna Ólafsdóttir*

*Johanna Ólafsdóttir*